

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



|                     |                         |                         |                        |
|---------------------|-------------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits      | 30.9.2021               | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálf Friðgeirsson |
| Fyrirtæki           | Eskja hf. Eskifirði     | Eftirlitsmaður          | Dröfn Svanbjörnsdóttir |
| Heimili             | Strandgötu 2 / Marbakka | Tegund eftirlits        | Reglubundið            |
| Kennitala           | 6301694299              | Flokkur                 | Fiskimjölsverksmiðja   |
| Fulltrúi fyrirtækis | Haukur L Jónsson        | ÍSAT nr.                | 15.20.7                |
| Fulltrúi fyrirtækis |                         | Staðsetning             | 734232,988 517289,471  |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni og þrjár ábendingar gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Kröfur í starfsleyfi – innra eftirlit
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kvartanir og mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
5. Vettvangsskoðun - Umgengni á lóðum og aðkoma, geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
6. Umhverfisstjórnunarkerfi

Fiskimjölsverksmiðja Eskju á Eskifirði er með starfsleyfi sem gildir til 1. september 2031. Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið vegna skráninga innra eftirlits. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2022.

Farið var yfir allar skráningar, áætlanir og eftirlitsmælingar. Þrifaskráningar eru rafrænar og þarf starfsfólk að kvitta fyrir þrifum að þeim loknum. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 hefur verið skilað. TVN gildi hráefnis er mælt daglega og mæliniðurstöður sendar til eftirlitsaðila reglulega. Skýrsla mengandi efna í frárennsli fyrir árið 2021 hefur verið skilað og sýnir að COD mældist yfir starfsleyfismörkum, samanber grein 2.17 í starfsleyfi. Mælingarnar voru framkvæmdar í mars sl. en ekki tekið fram hvaða fisktegund var í vinnslu meðan á mælingunni stóð en ef skráningarblað TVN gilda er skoðað fyrir mars mánuðinn má sjá að verið var að landa loðnu inn í verksmiðjuna.

Fram kom í eftirliti að ekki væri búið að þrýstiprófa lagnir en til stendur að endurnýja lýsislögnina og allar lagnir út að bryggju.

Umhverfismarkmið rekstraraðila og viðbragðsáætlun þarf að uppfæra en það skal gert að minnsta kosti á fjögurra ára fresti. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar um mat á umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila voru skoðuð en Eskja er ekki með vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Í viðauka leiðbeininganna er fjallað um hvaða grunnkröfur Umhverfisstofnun gerir um innihald umhverfisstjórnunarkerfis. Rætt var um þjálfun starfsmanna m.t.t gr. 4.4. í starfsleyfi en tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og til hvaða viðbragða skulu grípa ef óhapp eða slys verður sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið. Verklýsingar eru til en þarf að uppfæra.

Eitt mengunaróhöpp hefur verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Miðjan júlí sl. bilaði þéttir í dælu í soðkjarnatæki í verksmiðjunni sem varð til þess að talsvert af soði fór í sjóinn. Þar sem um var að ræða bilun eftir skilvindu er áætlað að lítil fita hafa sloppið í sjóinn. Starfsmenn Eskju urðu ekki varir við bilunina strax og því varð bletturinn í sjónum stór og sjónmengunin talsverð. Tók um 6 klst. að gera við búnaðinn. Ekki var tilkynnt um óhappið til eftirlitsaðila sbr. gr. 4.5 í starfsleyfi.

Starfsemi Eskju er getið í viðauka I í lögum nr. 70/2012 um loftlagsmál og þar sem heildarvarmaafi olíukatla verksmiðjunnar fer yfir 20 MW fellur verksmiðjan undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS kerfið). Úrbætur hafa verið gerðar til að takmarka olíubrennslu verksmiðjunnar þannig að aflið sé innan við 20 MW. Verksmiðjan er eingöngu keyrð á rafmagni og olíukatlar aðeins

hugsaðir sem varaafli í langvarandi rafmagnsleysi og stórum viðvarandi bilunum.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar komu fram fjögur frávik. Frárennismælingar vegna ársins 2019 voru ekki framkvæmdar, niðurstöður frárennismælinga vegna ársins 2020 sýndu að COD var of hátt en engar útbætur voru gerðar á búnaði og ekki önnur mæling gerð á árinu, staðfesting flutningsaðila vantaði vegna skila á spilliefnum, og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2019 var skilað seint. Að auki voru sex ábendingar gerðar er varða skil á heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli sbr. gr. 5.2 í starfsleyfi, þrýstiprófanir sbr. gr. 20 í reglugerð nr. 884/2017, skil á TVN mælingum sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi, tilkynningar sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi, meðferð efna í efnageymslu, og að enn ætti eftir að uppfæra umhverfismarkmið og viðbragðsáætlun fyrirtækisins. Í vettvangsheimsókninni var staðfest að enn á eftir að uppfæra umhverfismarkmiðin og viðbragðsáætlunina og heildarúttekt sbr. gr. 5.2 í starfsleyfi er ekki lokið að fullu þar sem enn á eftir að framkvæma mælingar á frárennsli við vinnslu á síld og makríl. Kvittun vegna skila á úrgangsolíu var fyrirliggjandi í gögnum fyrirtækisins en ekki fyrir þjónustu við fituskilju en hún er að lágmarki tæmd árlega. Staðfest var að búið var að loka niðurfalli inni í efnageymslu sem geymir sóta (30%) og klór (15%) þannig ef óhapp verður ætti efni ekki að sleppa út í umhverfið. Inni á lager eru einnig fljótandi efnavara í bamba og gólfið hallar að gati sem er á útvegg við enda lagersins. Þar fyrir utan er niðurfali. Rætt var að loka þessu gati til að koma í veg fyrir að efni geti sloppið í niðurfallið.

| Frávik frá   | Lýsing á frávik  |
|--|--|
| ákvæði í gr. 2.17 í starfsleyfi                    | Niðurstöður frárennismælinga sem gerðar voru í mars 2020 sýndu að COD væri of hátt. Ekki hefur verið gerð önnur mæling á árinu, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi, og ekki vitað til þess að einhverjar útbætur hefðu verið gerðar á búnaðinum eftir mælinguna. |
| ákvæði í grein 5.2 í starfsleyfi                   | Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið.   |
| ákvæði gr. 4.1 í starfsleyfi                       | Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.  |
| ákvæði í gr. 4.4 í starfsleyfi                     | Viðbragðsáætlun fyrirtækisins þarf að uppfæra.   |
| ákvæði í gr. 4.5 í starfsleyfi                     | Mengunaróhapp var ekki tilkynnt til eftirlitsaðila þegar þéttir í dælu í soðkjarnatæki í verksmiðjunni bilaði sem varð til þess að talsvert af soði fór í sjóinn.  |
| ákvæði í gr. 20.1 og 20.2 í reglugerð nr. 884/2017 | Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar lýsislagnir og allar löndunarlagnir fyrir lýsi og olíu.  |




## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að staðfesting þjónustuaðila vegna tæmingu á fituskilju skal haldið til haga í gögnum fyrirtækisins og vera aðgengileg eftirlitsaðila.
2. Rekstraraðila er bent á að loka gati sem er á útvegg inni á lager til að takmarka mengunarhættu eins og kostur er.
3. Rekstraraðila er bent á að hafa öryggisblöð aðgengileg þar sem efnavara er meðhöndluð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.12.2021



Gottskálk Friðgeirsson

